



Akraneskaupstaður

FUNDARBOÐ

**1412. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
þriðjudaginn 22. apríl 2025 og hefst kl. 17:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2502248 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2024 - A hluti

Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2024 - A hluti.

Bæjarráð hefur staðfest ársreikninga Aðalsjóðs og Eignasjóðs með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn að ársreikningar Aðalsjóðs, Eignasjóðs, Byggðasafnsins í Görðum og Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. vegna ársins 2024 verði samþykktir.

2. 2502247 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2024 - B-hluti.

Bæjarráð hefur staðfest ársreikning Gámu með undirritun sinni og leggur til við bæjarstjórn að ársreikningar Fasteignafélagsins ehf., Gámu, Háhita ehf. og Höfða hjúkrunar og dvalarheimilis vegna ársins 2024 verði samþykktir.

3. 2502246 - Ársreikningur Akraneskaupstaðar 2024 - samstæðureikningur.

Samstæðureikningur Akraneskaupstaðar 2024.

Bæjarráð hefur staðfest samstæðuársreikning Akraneskaupstaðar 2024 með undirritun og leggur til við bæjarstjórn að reikningurinn verði samþykktur.

4. 2504062 - Skammtímafjármögnun

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 10. apríl 2025 að óska eftir skammtímafjármögnun frá Arion Banka að höfuðstól allt að kr. 1.000.000.000,-, með lokagjalddaga þann 31. desember 2025.

Ástæður fyrir aukinni skammtímafjármögnun er vegna tekjufalls í væntum gatnagerðartekjum síðari hluta ársins 2024 og á sama tíma voru viðamiklar og kostnaðarsamar framkvæmdir í gangi hjá sveitarfélaginu og verða áframhaldandi nú fram eftir vorinu. Jafnframt samþykkti bæjarráð að veita Haraldi Benediktssyni, bæjarstjóra, kt. 230166-5529, fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Akraneskaupstaðar, að undirrita lánaskjöl við Arion banka sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

5. 2504041 - Suðurgata 126 breyting á deiliskipulag Sementsreit - Umsókn til

skipulagsfulltrúa

Sótt um breytingu á deiliskipulagi Sementsreit, vegna lóðar Suðurgötu 126. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja við íbúðarhúsnæði á lóð skilgreint sem B-hluti ásamt því að heimilt verði að byggja bifreiðargeymslu allt að 39 fm sem skilgreint er sem C-hluti.

Skipulags- og umhverfiráð leggur til við bæjarstjórn að erindið verði grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Grenndarkynnt verður fyrir Skagabraut 21, 23, 24, og 25, Sementsbraut 15 og Jaðarsbraut 3. Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni fellur á lóðarhafa.

12. 2501022 - Fundargerðir 2025 - Fasteignafélag Akraneskaupstaðar ehf.

25. fundur stjórnar Fasteignafélags Akraneskaupstaðar ehf., frá 14. apríl 2025.

Fundargerðir til kynningar

6. 2501002 - Fundargerðir 2025 - bæjarráð

3591. fundargerð bæjarráðs frá 10. apríl 2025.

7. 2501004 - Fundargerðir 2025 - skóla- og frístundaráð

261. fundargerð skóla- og frístundaráðs frá 16. apríl 2025.

8. 2501005 - Fundargerðir 2025 - skipulags- og umhverfisráð

324. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 14. apríl 2025.

9. 2501023 - Fundargerðir 2025 o.fl. - Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili

Fundargerðir stjórnar Höfða nr. 151, 152, 153, 154, 155, 156, 157, 158, 159 og 160 ásamt fylgigögnum.

10. 2501029 - Fundargerðir 2025 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar

973. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 14. mars 2025.
974. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 19. mars 2025.
975. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 20. mars 2025.
976. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 4. apríl 2025.

11. 2501021 - Fundargerðir 2025 - Fasteignafélag Akraneskaupstaðar slf.

51. fundargerð stjórnar Fasteignafélags Akraneskaupstaðar slf. frá 14. apríl 2025.

13. 2504115 - Fundargerðir 2025 - Háhiti ehf.

21. fundur stjórnar Háhita ehf. frá 15. apríl 2025.

17.04.2025

Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri.